

Reglur Grindavíkurbæjar um ferðapjónustu fyrir fatlað fólk og eldri borgara í Grindavík

I. Kafli

Markmið, hlutverk og þjónustusvæði

1. gr.

Hlutverk og markmið

Markmið ferðapjónustu fyrir fatlað fólk er að gera þeim sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki kleift að stunda atvinnu, nám og njóta tómsunda. Jafnframt skal fatlað fólk eiga rétt á ferðapjónustu á vegum sveitarfélagsins vegna aksturs á þjónustustofnanir og vegna sértækrar félagsþjónustu, skv. 1. – 3. tl. d-liðar 1. mgr. 3. gr. reglna þessa.

Starfsmenn hafa getu og færni umsækjanda ávallt að leiðarljósi við mat á þjónustubörf.

2. gr.

Þjónustusvæði ferðapjónustu

Þjónustusvæði ferðapjónustunnar markast við sveitarfélögin á Suðurnesjum með þeim takmörkunum sem greinir frá 1. mgr. 3. gr. reglnanna.

3. gr.

Réttur til þjónustu

Rétt til þjónustunnar eiga þeir íbúar Grindavíkurbæjar sem eru ófærir um að nota almenningsfarartæki vegna fötlunar og hafa ekki aðgang að eigin farartæki. Þá á umsækjandi ekki rétt á ferðapjónustu hafi hann fengið styrk til bifreiðakaupa hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Ferðapjónustan skal mæta eftirgreindum þörfum fatlaðs fólks:

- Að stunda atvinnu innan marka þjónustusvæðis Suðurnesja
- Að stunda einingarbært nám á þjónustusvæði Suðurnesja
- Að njóta tómsunda innan marka þjónustusvæðis Suðurnesja
- Að sækja sjúkra- og iðjuþjálfun innan marka þjónustusvæðis Suðurnesja enda sé ekki slík þjónusta í boði innan marka sveitarfélagsins.
- Að sækja eftirgreindar þjónustustofnanir sem veita sértæka félagsþjónustu:
 - Hæfingastöðina í Reykjanesbæ
 - Þjörgina í Reykjanesbæ

Heimilt er að veita íbúum 67 ára og eldri ferðapjónustu þrátt fyrir að ekki liggi fyrir skyldur bæjarfélagsins til slíkrar þjónustu samkvæmt lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999.

- Til að sækja heilbrigðisþjónustu og sjúkraþjálfun innan Grindavíkurbæjar, enda búi viðkomandi við erfiðar félagslegar- og heilsufarsaðstæður.
- Til að sækja dagvist eldri borgara í Miðgarði samkvæmt reglugerð um dagvist aldraðra nr. 45/1990.
- Til að sækja félagsstarf aldraðra í Miðgarði samkvæmt nánari útfærslu í starfsáætlun.

Þrátt fyrir að reglur þessar taki aðeins til ferðapjónustu til fullorðins fatlaðs fólks er heimilt að veita foreldrum fatlaðra barna þjónustu í formi aksturs í skammtíavistun fatlaðra barna í Heiðarholti.

Heimilt er að veita börnum í framhaldsskóla ferðapjónustu að loknum skóladegi á Hæfingarstöðina í Reykjanesbæ eða til Grindavíkur.

Þá er heimilt að veita fólki ferðapjónustu sem glímur við mikla félagslega og/eða heilsufarserfiðleika ef það fellur að akstursskipulagi bifreiðastjóra.

*4. gr.
Fjöldi ferða*

Fjöldi ferða vegna náms og atvinnu skal miða við eins margar ferðir og eðlilegt má telja að sú atvinna eða nám kalli á.

Ferðir vegna annarra erinda er háður takmörkunum, en við það skal miða að þær verði ekki fleiri en 16 í mánuði og heildarfjöldi ferða eigi meiri en 60 í mánuði.

Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur milli tveggja staða, en ekki akstur fram og til baka.

*5. gr.
Stjórn og yfirumsjón*

Félagsmálanefnd fer með stjórn þjónustunnar á vegum Grindavíkurbæjar og hefur sviðsstjóri félagsþjónustu- og fræðsluviðs yfirumsjón með henni. Starfsmenn félagsþjónustu- og fræðsluviðs bera faglega ábyrgð á þjónustunni, þ.m.t. mati á þjónustubörf.

**II. Kafli
Framkvæmd þjónustunnar**

*6. gr.
Umsókn*

Skila þarf skriflegri umsókn, ásamt læknisvottorði eða staðfestum upplýsingum um greiningu, þar sem fram kemur stutt lýsing á fötlun og mat á þörf fyrir ferðapjónustu. Þá skal leggja fram gögn sem varpa ljósi á getu umsækjanda til að nýta sér almenningsfarartæki. Í umsókn þurfa koma fram ástæður fyrir umsókn og svo óskir um fjölda ferða.

Umsókn er metin af hálfu fagteymis og skal m.a. horft til möguleika umsækjanda til að nýta sér þjónustu almenningsfarartækja og/eða aðra ferðamöguleika.

*7. gr.
Þjónustutími*

Þjónustutími er alla daga frá kl. 07:00 –22:00

*8. gr.
Pöntun ferða*

Tekið er á móti pöntunum um ferðapjónustu í síma 420-1100 eða á netfangið akstur@grindavik.is alla virka daga milli kl. 9:00 og 15:00. Pantar skal ferð með 24 klukkustunda fyrirvara. Fyrir mánudaga þarf pöntun þó að berast á föstudegi. Afpanta skal ferð með minnst þriggja klukkustunda fyrirvara, að öðrum kosti telst hún með í uppgjöri. Bílstjórum er heimilt að taka við beiðnum ef aðstæður leyfa.

Fastar ferðir eru bundnar við atvinnu og nám og skal gera sérstakt samkomulag um þær milli akstursaðila og þess sem þjónustunnar nýtur.

*9. gr.
Fyrirkomulag þjónustu*

Notendur skulu huga að því að vera tilbúnir til brottfarar í anddyri brottfararstaðar á umsömdum tíma. Ef líða meira en fimm mínútur frá því áætlaðri brottför getur viðkomandi ferð fallið niður.

Notanda er heimilt að óska eftir aðstoð bifreiðastjóra við að komast að og frá bifreið og með farangur ef þörf er á. Þörf á aðstoð skal metin af fagteymi félagsþjónustunnar.

Ef vegna veðurskilyrða er ekki hægt að tryggja öryggi farþega getur bifreiðarstjóri tekið ákvörðun um að fella ferð niður eða seinka henni á grundvelli verklagsreglna þar um.

10. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum notenda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu skriflegu samþykki þess er í hlut á.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að því marki að ekki stangist á við trúnað gagnvart öðrum.

Ökumenn og aðrir starfsmenn akstursþjónustu skulu skrifa undir yfirlýsingu um trúnað. Trúnaðarskylda helst þó að látið sé af starfi.

Öryggismyndavélar eru í öllum bifreiðum til að auka öryggi og eftirlit bæði fyrir farþega og bílstjóra. Gögn verða aðgengileg í sextíu daga en síðan verður þeim eytt. Ekki verður farið yfir upptökur nema tilefni gefist til og þá að höfðu samráði við notanda.

11. gr.

Aðstoð við farþega

Geti farþegi ekki ferðast einsamall án þess að valda ökumanni eða öðrum farþegum óþægindum, getur ferðaþjónustan krafist fylgdarmanns með honum.

12. gr.

Gjaldtaka

Um gjald fyrir ferðaþjónustu vísast til gjaldskrár ferðaþjónustu fyrir fatlaða.

III. Kafli

Málsmeðferð, málskotsréttur umsækjanda og gildistími reglna

12. gr.

Ákvörðun

Umsóknir um ferðaþjónustu samkvæmt reglum þessum skulu afgreiddar á fundi fagteymis félagsþjónustu- og fræðsluviðs í umboði bæjarstjórnar sbr. 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Ákvörðun fundarins skal málsaðili þó ætíð geta skotið til félagsmálanefndar.

13. gr.

Hlutverk félagsmálanefndar

Hlutverk félagsmálanefndar er:

- a) að gera tillögur að reglum um ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk og hafa eftirlit með að eftir þeim sé farið.
- b) að fjalla um öll stefnumarkandi mál sem varða ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk.
- c) að fjalla um umsóknir ef um er að ræða undanþágu frá reglum þessum.
- d) að fjalla um ákvarðanir fagteymis skv. 11. gr. þegar umsækjendur skjóta slíkum ákvörðunum til nefndarinnar.

*14. gr.
Tímabil samþykktar*

Heimilt er að samþykkja ferðþjónustu til eins árs í senn.

*15. gr.
Synjun*

Umsækjendum sem synjað er um ferðþjónustu skal svarað skriflega og forsendur synjunar rökstuddar. Jafnframt skal umsækjanda bent á málskotsrétt sinn.

*16. gr.
Málskot*

Málsmeðferð samkvæmt reglum þessum fer eftir ákvæðum stjórnisýslulaga nr. 37/1993. Umsækjandi um ferðþjónustu fyrir fatlað fólk getur krafist rökstuddra, skriflegra svara um forsendur ef umsókn er synjað.

Ákvörðun fagteymis félagsþjónustu- og fræðsluviðs má skjóta til félagsmálanefndar Grindavíkurbæjar. Skal það gert skriflega innan fjögurra vikna.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsmálanefndar til úrskurðanefndar velferðarmála innan þriggja mánaða frá því að honum varð kunnugt um ákvörðunina.

17. gr. Gildistaka

Reglur þessar eru settar skv. 35. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Reglur þessar voru samþykktar í félagsmálanefnd Grindavíkur hinn 11. maí 2017

Reglur þessar voru samþykktar í bæjarstjórn Grindavíkur hinn 31. maí 2017